

þykir verða að jafna til vanskila af hálfu stefnda, og ber því samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins að gjaldfella allt bréfið.

Af hálfu stefnda hefur dómkröfum stefnanda ekki verið mótmælt tölulega og ekki heldur kröfunni um vexti. Verða því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Jónsson, greiði stefnanda, Svanhildi Sigfúsdóttur, kr. 51.600.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. janúar 1972 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1974.

Nr. 48/1974: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Loga Ásgeirssyni

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa Guðmundur Stefán Jónsson lögregluvarðstjóri, Eggert Ólafur Jónsson lögreglumáður svo og Hreinn Hrafnkell Kjartansson, farþegi í bifreið ákærða aðfaranótt 25. mars 1973, komið fyrir dóm og staðfest skýrslur með eiði. Lögregluvarðstjórinn og lögreglumáðurinn staðfestu undirritun undir lögregluskýrslu og kveða ákærða hafa komið vel fyrir. Vitnið Hreinn Hrafnkell Kjart-

ansson skýrir svo frá, að þeir ákærðu hafi neytt áfengis á dansleik á Selfossi kvöldið 24. mars 1973 og aðfaranótt 25. mars. Héldu þeir frá Selfossi um klukkan 2 um nóttina áleiðis til Reykjavíkur. Telur vitnið sig ekki hafa fylgst með ákærða til hlítar allan þann tíma, er þeir dvöldust á Selfossi, en þó séð hann drekka „úr 2—3 glösum með áfengisblöndu.“ Vitnið kveður þá hafa drukkið áfengi í bifreiðinni, eftir að upp var lagt frá Selfossi. Vitnið telur ákærða hafa „ekið rólega og virst hafa fullt vald á bifreiðinni, enda hafi ekkert komið fyrir.“ Vitnið tekur fram, að það hafi verið töluvert ölvað, þegar þetta gerðist.

Háttsemi ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 2., sbr. 4. málsgrein 25. gr. og 1. málsg. 27. gr., hvort tveggja samanborið við 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Um rökstuðning fyrir færslu háttsemi til síðastgreinds lagaboðs vísast til hestaréttardóms 4. desember 1973. Ákærði ók langan veg, og alkóhólmagn í blóði hans sýnir, að hann hlýtur að hafa neytt talsvert mikils áfengis. Með vísan til þessa þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Eigi þykja sakfræðileg rök standa til þess að skilorðsbinda refsingu ákærða. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og um, að hann greiði kostnað sakarinnar í héraði.

Saksóknari ríkisins hefur lýst því, að af hálfu ákæruvalds sé eigi höfð uppi krafa um, að felldur sé á ákærða kostnaður af áfrýjun sakarinnar, en ákærði vildi una héraðsdómi. Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða fyrir Hestarétti, kr. 20.000.00.

Rannsókn máls þessa í héraði var eigi svo rækileg sem skyldi. Héraðsdómari hefur eigi talið rétt að beita refsíakvæðum áfengislaga, sem getið er í ákæruskjali, en enginn rökstuðningur er fyrir þeirri niðurstöðu. Héraðsdómara bar og að styðja þá niðurstöðu rökum, að refsivist skyldi skilorðsbundin, en slíkt gengur í berhöggi við áratuga dómvenju. Fullnægir dómurinn að þessu leyti eigi boði 166. gr. laga nr. 73/1973.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Logi Ásgeirsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu og greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ríkissjóður greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 544/1973: Ákærvaldið gegn Loga Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar saksóknari ríkisins með ákæru, dagsettri 17. október 1973, á hendur ákærða, Loga Ásgeirssyni iðnverkamanni, Urðarbraut 2, Reykjavík, fæddum 27. september 1947 í Borgarnesi, „fyrir að aka, aðfaranótt sunnudagsins 25. mars 1973, undir áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuskírteini sitt meðferðis bifreiðinni R 15555 frá Selfossi áleiðis í Kópavog, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Vífilsstaðavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Þegar lögregluþjónar nr. 4, 5 og 16 í Hafnarfirði voru staddir við Vífilsstaði í eftirlitsferð 25. mars s.l., klukkan 0415, veittu þeir þeir athygli bifreiðinni R 15555, sem ekið var vestur Vífilsstaðaveg, og vantaði á hana hægra afturljós. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar og höfðu tal af ökumanni, sem reyndist ákærði í máli þessu. Frá honum lagði sterkur áfengisþefur, og var hann því fluttur á lögreglustöð til yfirheyrslu. Þar viðurkenndi hann áfengisdrykkju á Selfossi milli klukkan 0100 og 0200 þá um nóttina,

en hann kvaðst hafa farið af stað frá Selfossi um klukkan 0200. Viðurkenndi hann að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Fyrir dómi hinn 16. ágúst s.l. bar ákærði hið sama.

Ákærði var ekki með ökuskírteini sitt meðferðis greint sinn, og kvaðst hann hafa glatað því.

Rannsókn á blóði ákærða, er tekið var úr honum, sýndi alkóhólmagn, er nam 2.29‰.

Telja verður sannað með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir. Brot hans telst varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hefur hvorki sætt kærum né refsingum áður, svo kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Fullnustu refsingarinnar skal þó fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Logi Ásgeirsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla eftir tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1965, haldið.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.